

**63. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
16. ágúst 2017 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1706134 - Reglur um leigu á íbúðum Akraneskaupstaðar.**

Drög að reglum um leigu á íbúðum Akraneskaupstaðar liggja nú fyrir. Reglunum er ætlað að koma í stað reglna um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur á Akranesi.

*Drög að reglum um leigu á íbúðum Akraneskaupstaðar lagðar fram. Málinu frestað til næsta fundar.*

**2. 1612050 - Reglur um sérstakan húsnaðisstuðning.**

Reglur um sérstakan húsnaðisstuðning á Akranesi voru samþykktar í desember 2016. Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á þeim reglunum:

\*Við 3ju grein bætist við 6. liður.

"Staða umsækjanda verður að vera metin að lágmarki til sex stiga, þar af að lágmarki til tveggja stiga hvað varðar félagslegar aðstæður, sbr. matsviðmið í fylgiskjali með reglum þessum."

\*Ný grein sem verður númer 6 og færast aðrar greinar um eitt númer. 6. grein verður þannig:

"Viðmið vegna mats á félagslegum aðstæðum. Mat á félagslegum aðstæðum umsækjenda fer að meginstefnu eftir sömu sjónarmiðum og þegar önnur aðstoð er veitt á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga."

Tillögur um breytingar á reglunum eru í samræmi við leiðbeinandi reglur velferðarráðuneytisins fyrir sveitarfélög.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir breytingar á reglum um sérstakan húsnaðisstuðning á Akranesi og vísar þeim til afgreiðslu í bæjarstjórn.*

**3. 1706153 - Trúnaðarmál.**

Trúnaðarmál.

Afgreiðsla trúnaðarmála.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.**

*Vilborg Þ. Guðbjartsd.  
Sveinborg Kristjánsd.  
Einar Brandsson  
Anna Þóra Þorgilsdóttir*

*Gunnhildur Björnsdóttir  
Svala Hreinsdóttir*